

Ed.

102. Frumvarp til laga

[66. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. nóv.)

1. gr.

Aftan við lögin komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Til ársloka 1968 fer níu manna nefnd, verðlagsnefnd, með verðlagsákvæðum. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Niundi nefndarmaðurinn er ráðuneyttisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmanna skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina, og fellur jafnframt niður umboð núverandi verðlagsnefndar.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.